

**404. fundur Hreppsnefndar Tálknafjarðarhrepps  
haldinn Miðtúni 1, aukafundur skv. 15.gr.sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998,  
þriðjudaginn 23. júní 2009 og hófst hann kl. 17:00**

**Fundinn sátu:**

Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir (EIS), Guðni Ólafsson (GÓ), Bjarnveig  
Guðbrandsdóttir (BG), Bragi Geir Gunnarsson (BGG), Sigurvin Hreiðarsson,

**Fundargerð ritaði:** Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir , oddviti

Oddviti setti fundinn og athugaði hvort athugasemdir væru við boðaða dagskrá,  
svo var ekki. Fundurinn er lokaður þar sem einungis eru á dagskrá á  
starfsmannamál. Gengið til boðaðrar dagskrár.

**Dagskrá:**

**1. 0906005F - Skólanefnd Tálknafjarðarhrepps - 44**

Til máls tóku EIS, BGG, BG, SH, GÓ.  
Fundargerð borin upp til staðfestingar, samþykkt samhljóða.

**2. 0906007F - Skólanefnd Tálknafjarðarhrepps - 45**

Til máls tóku EIS, BGG, BG, SH, GÓ.  
Alls bárust sjö umsóknir um starf skólastjóra við sameinaðan leik-, grunn- og  
tónlistarskóla Tálknafjarðarhrepps. Fyrir fundinum liggur minnisblað  
skólanefndar Tálknafjarðarhrepps, en nefndin hefur ásamt sveitarstjórn  
yfirfarið umsóknir.

Skólanefnd Tálknafjarðarhrepps hefur farið ítarlega yfir allar umsóknir um  
stöðu skólastjóra, að þeirri vinnu lokinni er skólanefnd einróma um að mæla  
með að Trausti Þór Sverrisson verði ráðinn skólastjóri við sameinaðan leik-,  
grunn- og tónlistarskóla Tálknafjarðarhrepps.

Sveitarstjórn hefur einnig farið ítarlega yfir allar umsóknir og er einróma  
niðurstaða hreppsnefndar, samhljóða niðurstöðu skólanefndar.

Um leið og oddviti er falið að svara umsóknum, þakkar hreppsnefnd  
auðsýndan áhuga á starfinu.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:00**

_____	_____
_____	_____
_____	_____